

15. tbl.

4. maí, 2022

29 árg.

Hlaupastelpan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Dagný Pétursdóttir-hlaupastelpan@isl.is - s: 8953386

Auglýsing frá yfirkjörstjórn vegna kosninga til sveitarstjórnar
sameinaðs sveitarfélags Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar, sem
fram fara þann 14. maí 2022.

Kjörstaðir við sveitarstjórnarkosningarnar þann 14. maí nk. verða á kjördag opnir sem hér segir:

Ljósvefningabúð
Skjólbrekka

frá kl. 10:00 til kl. 22:00
frá kl. 10:00 til kl. 22:00

Kjörskrá vegna kosninganna er skipt á milli sveitarfélaganna og ofangreindra tveggja kjörstaða. Kjósandi sem óskar eftir því að flytja sig á milli kjörstaða getur fengið heimild til þess flutnings enda fylli hann út eyðublað þar að lútandi.

Á kjördag, meðan atkvæðagreiðsla stendur yfir, mun yfirkjörstjórn hafa aðsetur sitt í Félagsheimilinu Breiðumýri. Sími yfirkjörstjórnar á kjördag er 864 2938 og tölvupóstfangið: kjorstjorn@thingeyjarsveit.is. Talning atkvæða fer fram í Breiðumýri og hefst að kjörfundi loknum. Útsendingu frá talningarstað verður streymt á vefnum. Slóð á netstreymi verður auglýst á vef beggja sveitarfélaga.

Yfirkjörstjórn vegna kosninga til sveitarstjórnar
sameinaðs sveitarfélags
Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar, 3. maí 2022.

Dagný Pétursdóttir, Jón Þórólfsson, Tryggvi Þórhallsson

K-LISTINN BÝÐUR Í KAFFI

K-listinn býður alla íbúa þingeyjarsveitar og Skútustaðahrepps hjartanlega velkomna í heimsókn til frambjóðenda og í félagsheimili/skóla. Spjöllum saman um stefnumál, áherslur og málefni líðandi stundar.

- **30. apríl kl. 12:00 – Jóna Björg, Björgum í Kinn**
- **2. maí kl. 16:30 – Arnór, Hellu á Laugum**
- **3. maí kl. 20:00 – Guðrún, Svartárkoti í Bárðardal**
- **4. maí kl. 16:30 – Helgi, Geiteyjarströnd í Mývatnssveit**
- **4. maí kl. 20:00 – Sigurður, Gautlöndum í Mývatnssveit**
- **5. maí kl. 16:30 – Úlla, Reykjum II í Fnjóskadal**
- **8. maí kl. 12:00 – Árni Pétur, Nesi í Aðaldal**

- **10. maí kl. 20:00 – Ýdalir**
- **11. maí kl. 20:00 – Stórutjarnaskóli**
- **12. maí kl. 20:00 – Skjólbrekka**

Síðustu þrjár fundirnir verða einnig sendir út í streymi á Facebooksíðu K-listans. Við hlökkum til að sjá ykkur!

SAMAN TIL FRAMTÍÐAR



Fundargerð

319. fundur sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar haldinn í Kjarna, fimmtudaginn 28. apríl 2022, kl. 13:00.

Fundinn sátu:

Arnór Benónýsson, Margrét Bjarnadóttir, Árni Pétur Hilmarsson, Jóna Björg Hlööversdóttir, Ásvaldur Evar Þormóðsson, Freydis Anna Ingvarsdóttir, Sigríður Hlynur Helguson Snæbjörnsson og Dagbjört Jónsdóttir.

Fundargerð ritaði: Dagbjört Jónsdóttir, sveitarstjóri.

Dagskrá:

1. Ársreikningur Þingeyjarsveitar 2021: Fyrri umræða - 2204022

Ársreikningur Þingeyjarsveitar 2021 ásamt endurskoðunarskýrslu lagður fram til fyrri umræðu. Þorstein Þorsteinsson frá KPMG, endurskoðandi sveitarfélagsins, mætti til fundarins og fór yfir reikninginn. Einnig sat skrifstofustjóri fundinn undir þessum lið.

Rekstrarniðurstaða sveitarfélagsins í A og B hluta var neikvæð sem nam 17,8 m.kr. og rekstrarniðurstaða A hluta var neikvæð sem nam 21,4 m.kr. Samkvæmt fjárhagsáætlun 2021 með viðaukum var gert ráð fyrir 101,0 m.kr. neikvæðri rekstrarniðurstöðu A og B hluta.

Frávikið er því 83,2 m.kr. hagstæðara en áætlað var.

Rekstrartekjur á árinu námu 1.304,5 m.kr. samkvæmt samanteknum ársreikningi fyrir A og B hluta, en þar af námu rekstrartekjur A hluta 1.252,3 m.kr. Samkvæmt fjárhagsáætlun 2021 með viðaukum var gert ráð fyrir rekstrartekjum sem næmu 1.218,9 m.kr. í A og B hluta.

Rekstrartekjur eru því 85,6 m.kr. hærra en áætlun gerði ráð fyrir eða sem nemur um 7 %.

Rekstrargjöld A og B hluta, þ.e. laun og launatengd gjöld og annar rekstrarkostnaður námu 1.237,0 m.kr. á árinu. Samkvæmt fjárhagsáætlun með viðaukum var gert ráð fyrir rekstrargjöldum sem næmu 1.242,3 m.kr. Laun og launatengd gjöld námu 798,5 m.kr. sem er 41,2 m.kr. hærra en áætlun gerði ráð fyrir en á móti er annar rekstrarkostnaður 46,4 m.kr. lægri en áætlun gerði ráð fyrir.

Samkvæmt sjóðsstreymisýfirliti ársins 2021 nam veltufé frá rekstri 33,0 m.kr. og handbætt fé frá rekstri 31,7 m.kr. Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum nam 74,3 m.kr. á árinu.

Eigð fé í árslok nam 278,1 m.kr. fyrir A og B hluta samanborið við 291,7 millj.kr. árið áður.

Eiginfjárhlutfall nemur 26,0 % í árslok. Skuldahlutfall sveitarfélagsins hækkar, er 60,7 % í A og B hluta í árslok 2021 en var 53,5 % í árslok 2020.

Ársreikningur 2021 kemur mun betur út en áætlun gerði ráð fyrir eða 83,2 m.kr. hagstæðari en áætlað var. Það skýrist fyrst og fremst af hærri tekjum og aðhaldi í rekstri. Meðvitað voru tekjur varlega áætlaðar fyrir árið 2021 vegna óvissu um hvað Covid faraldurinn gæti haft mikil áhrif en á sama tíma var stefnan að halda þjónustu óbreyttri, líkt og skólastarfssemi og helstu framkvæmdum gangandi. Launakostnaður í fræðslumálum fór þar af leiðandi fram úr áætlun en á móti var annar rekstrarkostnaður undir áætlun og þar með voru heildarútgjöld 2021 innan áætlunar. Askoranir hafa verið margar síðast liðið ár og því afar ánægjulegt að ná þessum árangri. Það að lækka rekstrartapið svo um munar léttir rekstur sameinaðs sveitarfélags og eykur tækifæri til sóknar.

Sveitarstjórn þakkar starfsfólki sveitarfélagsins fyrir góð störf á erfiðum og krefjandi tímum. Einnig þakkar sveitarstjórn Þorsteini fyrir greinargóða yfirferð og vísar ársreikningi Þingeyjarsveitar 2021 til seinni umræðu í sveitarstjórn.

2. Aurskriður í Útkinn - 2110014

Lagt fram bréf frá forsætisráðuneytinu, dags. 25.04.2022 um fjárveitingu vegna skriðufalla í

Útkinn í október 2021.

Ríkisstjórnin samþykkti á fundi sínum þann 22. apríl s.l. tillögur fulltrúa forsætisráðuneytis, fjármála- og efnahagsráðuneytis, innviðaráðuneytis, dómsmálaráðuneytis, matvælaráðuneytis og umhverfis, orku- og loftlagsráðuneytis um sértækar aðgerðir af hálfu ríkisins vegna skriðufalla í Útkinn.

Annars vegar var ákveðið að matvælaráðuneytið óski eftir allt að 130 m.kr. framlagi úr almennum varasjóði fjárlaga sem veitt verði til Bjargráðasjóð. Fjármagninu verði varið til að mæta kostnaði af völdum skriðufallanna.

Hins vegar var ákveðið að innviðaráðuneytið óski eftir 30 m.kr. framlagi úr almennum varasjóði fjárlaga sem veitt verði til Þingeyjarsveitar. Fjármagnið standi straum af verkefnisstjórn vegna hreinsunar og almennum uppgræðslu- og landgræðsluverkefnum á svæðinu í samstarfi við heimamenn.

Sveitarstjórn þakkar ríkisstjórninni fyrir framlag til uppbyggingar vegna skriðufallanna í Útkinn. Styrkurinn skiptir miklu máli fyrir ábúendur á svæðinu og fyrir það gríðarstóra verkefni sem framundan er.

Þá hefur allur undirbúningur og samskipti sveitarfélagsins við fulltrúa ráðuneyta verið til fyrirmyndar og það ber að þakka. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að ráða verkefnastjóra í samráði við ábúendur og koma uppbyggingarverkefninu af stað.

Jóna Björg tók ekki þátt í afgreiðslu þessa liðar en óskar eftir að fá eftirfarandi bókað: Ábúendur jarðanna í Kinn sem urðu fyrir skriðunum síðastliðið haust vilja koma á framfæri þökkum vegna þess mikla stuðnings sem sveitarfélagið hefur veitt í framhaldi af atburðunum. Sérstaklega þakka ábúendur sveitarstjóra fyrir þá miklu vinnu sem hún hefur unnið vegna hamfaranna.

3. Sveitarstjórnarkosningar 2022: Kjörstjórnir - 2202029

Vegna vanhæfis fulltrúa í kjörstjórnnum kys sveitarstjórn að nýju eftirfarandi fulltrúa til setu í yfirkjörstjórn og undirkjörstjórn vegna sveitarstjórnarkosninganna 2022:

Tveir aðalmenn yfirkjörstjórnar hafa þegar verið skipaðir auk tveggja aðalmanna í undirkjörstjórn.

Yfirkjörstjórn

Tryggvi Þórhallsson, Dagný Pétursdóttir og Jón Þórolfsson.

Varamenn: Steinunn Ósk Stefánsdóttir, Jóhanna Njálisdóttir og Pétur Bergmann.

Undirkjörstjórn

Steinn Jóhann Jónsson, Katla Valdís Ólafsdóttir og Helga Sveinbjörnsdóttir.

Varamenn: Snorri Guðjón Sigurðsson, Aðalsteinn Már Þorsteinsson og Hanna Berglind Jónsdóttir.

Jóhanna Jóhannesdóttir mun annast utankjörfundaratkvæðagreiðslu á skrifstofum beggja sveitarfélaga. Hægt verður að kjósa utan kjörfundar á skrifstofum sveitarfélaganna eftirfarandi daga milli kl 13:00 og 15:00.

Skrifstofa Þingeyjarsveitar: 4., 6., 9., og 12. maí

Skrifstofa Skútustaðahrepps: 2., 5., 11., og 13. maí

Samþykkt samhljóða.

4. Viðauki við fjárhagsáætlun 2022: Slökkvistöðin á Laugum - 2202008

Lögð fram kostnaðaráætlun vegna breytinga á slökkvistöðinni við Kviðólsmýri á Laugum.

Um er að ræða endurbætur á stiga og búningsaðstöðu.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að farið verði í framkvæmdina á grundvelli fyrirbyggjandi kostnaðaráætlunar en frestar gerð viðauka við fjárhagsáætlun.

5. Fjölmenningarfulltrúi: Samningur við Norðurþing - 2204005

Lagt fram bréf frá Kristjáni Þór Magnússyni, sveitarstjóra í Norðurþingi, dags. 1.04.2022 þar sem hann tilkynnir breyttar forsendur á samningi milli sveitarfélaganna um fjölmenningarfulltrúa. Þar sem forsendur sammingsins eru það mikið breyttar samþykkir sveitarstjórn samhljóða að slíta samningnum. Sveitarstjórn leggur til við sveitarstjórn nýs sameinaðs sveitarfélags að ráðinn verði menningarfulltrúi sem fari með menningarmál í sameinuðu sveitarfélagi þar með talið málefni fjölmenninga, móttöku nýrra íbúa og móttöku flóttafólks.

6. Fræðslunefnd: Fundargerðir - 1804052

Lögð fram fundargerðir 91. fundar Fræðslunefndar frá 25.04.2022. Margrét gerði grein fyrir fundargerðinni sem er í sex liðum.

Varðandi 4. lið fundargerðar samþykkir sveitarstjórn ósk skólastjóra til áramóta um að halda starfsmannafund einu sinni í mánuði og að leikskólinn loki þá dags kl. 15:00.

Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina að öðru leyti.

7. Skotfélag Húsavíkur: Styrkbeiðni - 2204025

Tekin fyrir beiðni Skotfélags Húsavíkur, dags. 10.04.2022, um styrk til áframhaldandi uppbyggingar á svæði félagsins. Styrkbeiðnin hljóðar uppá samning að upphæð 300.000 krónur árlega í þrjú ár.

Sveitarstjórn þakkar erindið og það metnaðarfulla starf sem unnið hefur verið á vettvangi félagsins. Í ljósi fyrirhugaðrar sameiningar Þingeyjarsveitar og Skútustaðahrepps sem tekur gildi þann 29. maí n.k. er því beint til Skotfélagsins að senda beiðni að kosningum loknum á sveitarstjórn hins sameinaða sveitarfélags.

8. Urður, tengslanet kvenna: Styrkbeiðni - 2204026

Tekin fyrir beiðni frá Urði, tengslaneti kvenna í Þingeyjarsýslum, dags. 25.04.2022, um styrk að fjárhæð 60.000 kr. vegna heimsóknar í Þingeyjarsveit.

Tilgangur félagsins er að efla tengslanet kvenna á Norðausturlandi með því að sameina konur á svæðinu, efla samstarf og samstöðu. Þann 30. apríl ætla þær að heimsækja fyrirtæki í Þingeyjarsveit og kynna sér starfsemi þeirra sem fer þar fram.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða styrkbeiðnina sem rúmast innan fjárhagsáætlunar 2022.

9. Einarstaðir farmhouse: Umsógn vegna umsóknar um rekstrarleyfi - 2204023

Lögð fram umsagnarbeiðni frá sýslumanninum á Norðurlandi eystra, dags. 12.04.2022 þar sem Olga Marta Einarasdóttir sækir um rekstrarleyfi, flokkur II - Gististaður án veitinga, á Einarstaðum 3 í Reykjadal í Þingeyjarsveit.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við veitt rekstrarleyfi með fyrirvara um að jákvæðar umsgagnir berist frá byggingarfulltrúa og heilbrigðis og eldvarnareftirlitinu, sbr. b-lið 7. gr. laga nr. 67/2016, um breytingu á lögum nr. 85/2007.

10. Sparisjóður Suður-Þingeyinga: Aðalfundarboð 2022 - 2204018

Lagt fram aðalfundarboð Sparisjóðs Suður-Þingeyinga sem haldinn verður mánudaginn 2. maí á Fosshótel Húsavík.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að Dagbjört Jónsdóttir, sveitarstjóri fari með umboð sveitarfélagsins á fundinum.

11. Norðurorka hf.: Aðalfundarboð 2022 - 1903008

Lagt fram aðalfundarboð Norðurorku hf. sem haldinn var fimmtudaginn 31. mars s.l. Sveitarstjórn afgreiddi erindið í tölvupósti milli funda þann 27.04.2021 þar sem samþykkt var að Dag-

björt Jónsdóttir, sveitarstjóri færi með umboð Þingeyjarsveitar á fundinum.
Sveitarstjórn staðfestir afgreiðsluna.

12. Friðlýsing hraunhella í Þeistareykjahrauni: Skilmálar í kynningu - 2112013

Fyrir fundinum liggur auglýsing um friðlýsingu hellasvæða í Þeistareykjahrauni sem nú er í kynningu. Umhverfis- orku og loftlagsráðherra hefur, að tillögu Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands og með samþykki Þingeyjarsveitar, sem einnig er landeigandi, ákveðið að friðlýsa hraunhella í Þeistareykjahrauni sem náttúruvætti í samræmi við 48. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Sveitarstjórn gerir engar athugasemdir við fyrirbyggjandi skilmála og leggur áherslu á að hefðbundnar nýttjar verði óbreyttar frá því sem nú er.

13. Umhverfisstofnun: Samstarf og samráð - 2204024

Fyrir fundinum liggja drög að samráðsáætlun um samstarfsverkefni Umhverfisstofnunar og Skútustaðahrepps. Áætlunin er í vinnslu en byggir á eftirfarandi markmiðum: Markmið áætlunarinnar, eins og þau koma fyrir í drögunum, er auka yfirsýn yfir verkefni sem eru sameiginleg viðfangsefni stofnunarinnar og sveitarfélagsins og varða náttúruverndarsvæði í umsjá Umhverfisstofnunar í sveitarfélaginu, efla samstarf, auka upplýsingaflæði, leita skilvirkra lausna sem styðja vernd, verðmætasköpun og viðnámsþrótt svæðisins m.a. með því að greina sameiginlega tækifæri til að efla samfélag og náttúru.

Sveitarstjórn leggur til við sveitarstjórn nýs sameinaðs sveitarfélags að fyrirbyggjandi samstarfsáætlun verði útfærð fyrir nýtt sveitarfélag.

14. Vatnajökulspjóðgarður: Fundargerð - 1810004

Fundargerð 89. fundar svæðisráðs norðursvæðis VJÞ.
Lögð fram til kynningar.

15. Héraðsnefnd Þingeyinga: Fundargerð - 1804023

Fundargerð 28. fundar framkvæmdastjórnar HNP bs.
Lögð fram til kynningar.

16. Undirbúningsstjórn vegna sameiningar: Fundargerð - 2109007

Fundargerð 9. fundar undirbúningsstjórnar vegna sameiningar Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveita.
Lögð fram til kynningar.

17. Markaðsstofa Norðurlands: Flugklasinn Air 66N - 1804011

Starf Flugklasans Air 66N, 27. okt. 2021 - 8. apríl 2022.
Lagt fram til kynningar.

18. Stækkun Vatnajökulspjóðgarðs: Verkefnalýsing á gerð viðauki við stjórnunar- og verndaráætlun - Herðubreið og austurafreitt Bárödæla - 2106035

Vinna er hafin við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar Vatnajökulspjóðgarðs fyrir þau svæði sem bæst hafa við á hálendi norðursvæðis undanfarin ár.
Lagt fram til kynningar.

Fundi slitið kl. 15:40.

Stefnuskrá E-lista, íbúalistans í sveitastjórnarkosningum 2022

ÍBÚALÝÐRÆÐI

E-listinn – vill:

- vera í góðum tengslum við aðra íbúa og leggja sig fram um að þekkja viðhorf þeirra og þarfir.
- ná sem víðtækustu sátt um niðurstöður og samþætta íbúasamráð inn í ákvarðanatökuferla sveitarstjórnar.
- styrkja íbúalýðræði með því að:
 - ◇ hlusta á íbúa og bjóða þeim til samræðna
 - ◇ auka upplýsingaflæði til íbúa með því t.d. að birta undirgögn mála með fundargerðum
 - ◇ opna íbúagátt á heimasíðu sveitarfélagsins
 - ◇ streyma fundum sveitarstjórnar
 - ◇ skoða möguleika á hverfisráðum

STJÓRNSÝSLA

E-listinn vill:

- vinna út frá núverandi stjórnskipulagi með einn sveitarstjóra.
- mæta auknum kröfum löggjafavaldsins sem sífellt krefst frekari sérhæfingar mannaúts.
- tryggja að allir íbúar njóti sömu þjónustu óháð búsetu í sveitarfélaginu.
 - ◇ huga sérstaklega að aðgengi þeirra sem ekki eiga þess kost að nýta sér stafræna þjónustu.
- að grundvallarskyldur sveitarfélaga verði höfð í heiðri með heildarhagsmuni íbúanna að leiðarljósi.

FJÁRMÁL

E-listinn – vill:

- bregðast við erfiðri fjárhagsstöðu hins nýja sveitarfélags af ábyrgð og ráðdeild.
- að rekstur sveitarfélagsins verði sjálfbær þ.e. að skatttekjur standi undir hinni lögboðnu þjónustu.
- að tekjur af auðlindum s.s. virkjunum verði nýttar til skynsamlegra framkvæmda, öllum íbúum til hagsbóta.

SKÓLAMÁL

E-listinn – vill:

- að staðsetningar skóla verði óbreyttar og að skólasamfélagið verði hér eftir sem hingað til framsækið og metnaðarfullt.
- ná aukinni hagkvæmni í rekstri m.a. með samnýtingu sérfræðinga, sameiginlegum innkaupum og á flestum þeim sviðum sem unnt er án þess að sérstaða hvers skóla raskist.
- nýta þá kosti sem sameiningin hefur í för með sér með því að
 - ◊ efla faglega og félagslega tengingu og samstarf skólanna
 - ◊ efla umhverfisvitund nemenda því lengi býr að fyrstu gerð
 - ◊ að viðhalda öfluglu tónlistarnámi innan skólanna
- varanlegt húsnæði fyrir leikskólann Tjarnaskjól.

VELFERÐARMÁL

E-listinn – vill:

- skapa aðstæður fyrir félagsstarf ungmenna og eldri borgara í anda heilsueflandi samfélags.
- stuðla að hagkvæmni og hagræðingu í akstri á vegum sveitarfélagsins og kanna þarfir og áhuga á akstri fyrir eldri borgara.
- starfsmann sem sinnir velferðarmálum hjá sveitarfélaginu sem íbúar geta leita til.
- verða virkt fjölmeningarsamfélag þar sem tekið er vel á móti öllum, þannig að allir njóti sama réttar og hafi sömu möguleika, óháð uppruna eða menningu.
- samþætta skóla- og tólmstunda/íþróttastarf.

ATVINNUMÁL- OG NÝSKÖPUN

E-listinn – vill:

- stuðla að aukinni matvælaframleiðslu í héraði enda hráefnið hreint og gott.
- stuðla að fjölbreyttu atvinnulífi
 - ◊ að lítil og meðalstór fyrirtæki sjái hag sinn í því að staðsetja sig í sveitarfélaginu
 - ◊ standa vörð um búsetu og búskap
- finna ónotuðu húsnæði sveitarfélagsins nýtt hlutverk með atvinnusköpun í huga.

- nýta þá samráðsvettvanga sem sveitarfélaginu býðst og standa fyrir samtali frumkvöðla og atvinnurekenda í héraði.

HÚSNÆÐIS- OG SKIPULAGSMÁL

E-listinn – vill:

- kanna ástæður fyrir framkvæmdaskorti og hvernig er hægt að koma að sanngjörnum stuðningi við áhugasama aðila.
- kynna þarf skipulagsmál fyrir íbúum svo þeir hafi greiða aðkomu að gögnum og ákvörðunum sem varða hið manngerða umhverfi.
- koma að endurskoðun aðalskipulags sem þarf að marka skýra stefnu sam-
einaðs sveitarfélags og þarf að vera auðtúlkað og opið fyrir uppbyggingu
sem skapar tækifæri, styrkir byggð og setur stefnu fyrir nýtingu auðlinda
og verndun lands svo sem víðtækust sátt er um
 - ◇ leita allra leiða til að fjölga íbúðabyggingum í sveitarfélaginu
 - ◇ upplýsingum um veigamiklar breytingar í skipulagsmálum verði streymt, íbúum til upplýsinga

SAMGÖNGUR OG FJARSKIPTI

E-listinn vill berjast fyrir samgönguúrbótum án þess að öðrum gæðum verði fórnað. E-listinn vill:

- auka þrýsting á Vegagerðina og samgönguyfirvöld til að ná fram úrbótum með því að skipta út malarvegum fyrir vegi með varanlegu slitlagi
- að unnið verði að öruggri varaleið fyrir landsmenn um Ljósavatnsskarð í samráði við landshlutasamtök og aðra hagsmunaaðila
- vinna að því að vetrarþjónusta s.s. snjómokstur falli vel að þörfum íbúa varðandi ástundun vinnu og skóla
- stuðla að öruggu fjarskiptasambandi í öllu sveitarfélaginu

UMHVERFIS- OG ÚRGANGSMÁL

E-listinn – vill:

- að sveitarstjórn gangi á undan með góðu fordæmi í umhverfismálum með sjálfbærni að leiðarljósi
- gera ferðamönnum kleift að ganga vel um landið með stýringu og aukinni upplýsingagjöf og bættri snyrti- og sorpaðstöðu víðar á svæðinu
- auka umhverfisvitund hjá íbúum sveitarfélagsins og lögð verði áhersla á að margt rusl er ekki úrgangur heldur hráefni sem ber að ganga vel um og koma aftur inn í hringrásarhagkerfið.
- að friðun landssvæða falli að skynsamri nýtingu íbúa á landgæðum og lífsgæðum.
- Samnýtum krafta í landvernd og meindýraeyðingu.

FRAMTÍÐARSÝN - Ferskur blær

E-listinn - Íbúalistinn horfir björtum augum til framtíðar í víðfeðmu sveitarfélagi með íbúalýðræði og gagnsæi að leiðarljósi. Við teljum það réttindi íbúa að hafa aðgang að gögnum og að ákvarðanir verði teknar með góðum rökstuðningi og í samvinnu við íbúa. Við sjáum fyrir okkur blómlegt samfélag þar sem íbúar njóta alls þess góða sem okkar fjölbreytta sveitarfélag hefur að bjóða.



Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra

UTANKJÖRFUNDARATKVÆÐA GREIÐSLA

Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar vegna sveitarstjórnakosninga þann 14. maí 2022 er hafin og fer m.a. fram sem hér segir:

- **Skútustaðahreppur:** Hlíðarvegi 6, Reykjahlíð, 2., 5., 11., og 13. maí, kl. 13:00 – 15:00.
- **Þingeyjarsveit:** Kjarna, Laugum í Reykjadal, 4., 6., 9. og 12. maí, kl. 13:00 – 15:00.
- **Húsavík,** Útgærði 1, mánudaga til fimmtudaga kl. 9:00 - 15:00 og föstudaga kl. 9:00 – 14:00. Um helgar er opið kl. 10:00 - 13:00. Á kjördag er opið frá kl. 10:00 - 12:00.

Akureyri, Glerártorgi, alla virka daga kl. 10:00 - 18:30.

Um helgar er opið kl. 11:00 - 15:00. Á kjördag er opið kl. 10:00 - 17:00.

Kjósendur skulu hafa meðferðis gild persónuskilríki (ökuskírteini, vegabréf eða nafnskírteini).

Utankjörfundaratkvæðagreiðsla víðar í umdæminu sem og á stofnunum er nánar auglýst á www.syslumenn.is og innan viðkomandi stofnana.

Ósk um atkvæðagreiðslu í heimahúsi vegna sjúkdóms, fötlunar eða barnsburðar, skal vera skrifleg og studd vottorði lögráða einstaklings um hagi kjósandans. Umsóknareyðublað má nálgast á www.kosning.is. Umsókn skal hafa borist eigi síðar en kl. 10:00 tveimur dögum fyrir kjördag, eða fimmtudaginn 12. maí kl. 10:00.

Samhliða fer fram **íbúakosning í sveitarfélaginu Hornafirði** um nýtt aðal- og deiliskipulag í Innbæ á Höfn. Nánari upplýsingar um kosninguna má finna á www.hornafjordur.is.

Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra
Svavar Pálsson

Eiginmaður minn, faðir okkar, bróðir og afi
Dr. Sigurður Dagbjartsson, eðlisfræðingur
andaðist að heimili sínu í Leonberg, í Þýskalandi þann 17. júlí 2021.
Hann var jarðsettur 4. ágúst 2021 í Þýskalandi.



Við viljum fagna lífi hans á Íslandi með
minningarathöfn 7 maí klukkan 14 í Skútustaðakirkju

Ute Bessler Dagbjartsson
Andreas Kristján Sigurðsson
Dagmar Regina Sigurðardóttir
og vandamenn



skógræktin


Ertu að leita að sumarstarfi?

Skógræktin óskar eftir fólki til vinnu.

- ◇ Sumarstarf frá því í lok maí og fram yfir miðjan ágúst.
- ◇ Vera orðin 18 ára.
- ◇ Hafa bílpróf.

Í boði er ókeypis húsnæði fyrir starfsfólk.

Nánari upplýsingar veitir: Rúnar Ísleifsson sími: 896 3112
og email: runar@skogur.is



STARF

Þykir þér vænt um vélar?

Óskum eftir að ráða einstakling í öflugt teymi rekstrar og viðhalds á Mývatnssvæðinu. Í starfinu felst **viðhald, eftirlit og rekstur** aflstöðva og veitumannvirkja. Fjölbreytt og krefjandi starf við ástandsmælingar og greiningar á vélbúnaði.

Hæfniskröfur:

- Rafvirkjamenntun, vélfræðimenntun
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Hæfni til að vinna með öðrum
- Reynsla af störfum tengdum raforkuvirkjum eða iðnaði er kostur
- Geta til að kynna starf sitt og starfsvettvang fyrir hópum og einstaklingum
- Góð tölvukunnátta

Umsóknarfrestur er til og með 11. maí

Fyrirspurnir um starfið má senda á starf@landsvirkjun.is

Sótt er um starfið á vef Landsvirkjunar landsvirkjun.is/laus-storf

Covid-19 bólusetningar á Húsavík og í N-Þingeyjarsýslu í maí

Sóttvarnalæknir hefur ákveðið að **80 ára og eldri** bjóðist fjórði skammtur af bóluefni ef a.m.k. **4 mánuðir** eru liðnir frá þriðja skammti. Ath. að líða þurfa 3 mánuðir frá covidsýkingu áður en bólusett er.

Bólusett verður á:

Heilsugæslustöðinni á Húsavík fimmtudaginn 12.5 kl. 14-16

Heilsugæslustöðinni á Þórshöfn, fimmtudaginn 12.5 kl. 13

Heilsugæslustöðinni á Kópaskeri, þriðjudaginn 17.5 kl. 11.30

Heilsugæslustöðinni á Raufarhöfn miðvikudaginn 18.5 kl. 11.30

Bólusett verður með Pfizer.

Tímabantanir og nánari upplýsingar í síma

4640500, 4640640, 4640620 og 4640600

Aðalfundur Umf. Eflingar

verður haldinn í Dalakofanum fimmtudaginn 12. maí kl. 18:00.

Venjuleg aðalfundarstörf ásamt því að fyrir liggja breytingar á lögum félagsins.

Veitingar í boði stjórnar

Vonumst til þess að sjá sem flesta - unga sem aldna nýir félagar velkomnir



FRAMHALDSSKÓLINN Á LAUGUM

Brautskráning 2022

Ágætu Þingeyingar og velunnarar skólans

Brautskráning nýstúdenta fer fram við hátíðlega athöfn í íþróttahúsinu á Laugum, laugardaginn 14. maí kl. 14:00.

Við bjóðum ykkur öll hjartanlega velkomin að gleðjast með okkur og þiggja kaffiveitingar að athöfn lokinni í matsal skólans.

Aðalfundur hollvinasamtakanna Vinir Laugaskóla fer fram í íþróttahúsinu kl 17:00. Velunnarar skólans eru hvattir til að mæta á þann fund.



Sigurbjörn Árni
skólameistari

Framhaldsskólans á Laugum



Vinna við ferðapjónustu

Við í Selinu erum að leita að góðu starfsfólki í hlutastarf eða fullt starf til skemmri eða lengri tíma. Í boði eru næturvaktir, þrif og þjónusta í sal. Er vinnutími eftir samkomulagi og einnig starfshlutfall. Áhugasamir hafið samband við Ásdís í síma 8610274 eða asdis@myvatn.is

Are you searching for a job? We are missing good people for a night shift, cleaning and serving at our restaurant. If you are interested please send us e-mail to asdis@myvatn.is or give us a call Ásdís tel. 861 0274.

Sel-Hótel Mývatn www.myvatn.is

Samverustund eldri Mývetninga

Samverustundum í Skjólbrekku og íþróttum hjá Ástu er lokið þennan veturinn.

Við hlökkum til að sjá ykkur aftur í haust en það verður nánar auglýst síðar.

Takk fyrir samveruna í vetur

Dísa og Ásta